KÓPAVOGSBÆR
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reglur Kópavogsbæjar um greiðslu kennslukostnaðar vegna tónlistarnáms í tónlistarskólum utan sveitarfélags. Skólaárið 2023 – 2024

Umsóknarfrestur
Sækja þarf um að Kópavogsbær greiði kennslukostnaðar vegna tónlistarnáms utan sveitarfélags til menntasviðs Kópavogsbæjar fyrir 1. ágúst ár hvert.
Í umsókn þarf að koma fram rökstuðningur fyrir því að óskað er eftir að stunda tónlistarnám annars staðar en við tónlistarskóla í Kópavogi.

1. kafli
Almennar forsendur

Kópavogsbær stefnir að því að almennt tónlistarnám samkvæmt námskrá um tónlistarskóla sem lýkur með framhaldsprófi fari fram í sveitarfélaginu.
Nemendum sem flytja lögheimili til Kópavogs og hafa stundað tónlistarnám í fyrra sveitarfélagi er bent á að sækja um í tónlistarskólum í Kópavogi.

1. Kópavogsbær greiðir kennslukostnað í tónlistarskóla utan sveitarfélags fyrir nemendur í hljóðfæranámi frá 5 ára aldri og í söngnám frá 10 ára aldri. Kópavogsbær greiðir ekki fyrir hljóðfæranám einstaklinga sem hefja það á fullorðinsaldri eftir 18 ára aldur eða hefja söngnám eldri en 26 ára. Greitt er fyrir nám á eitt hljóðfæri ef aðstæður nemenda eru eftirfarandi:

   a) Nemendur sem hafa stundað nám við tónlistarskóla í Kópavogi geta sótt um að Kópavogsbær greiði kennslukostnaðinn ef námið er sérhæfðara en það sem boðið er í tónlistarskólum í Kópavogi eða er framhald af fyrra námi.
   b) Námið er ekki í boði í Tónlistarskólum í Kópavogi og hagkvæmt að það fari fram í lista- og/eða tónlistarskóla utan sveitarfélagsins.
   c) Nemendur í miðnámi sem flytja í Kópavog eiga kost á að halda námi sínu áfram við viðkomandi skóla utan sveitarfélags að uppfylltum skilyrðum sbr. 2. kafla.
   d) Nemendur í grunnnámi sem flytja í Kópavog eiga kost á að Kópavogsbær greiði kennslukostnaðinn vegna náms utan sveitarfélags fái þeir ekki inngöngu í tónlistarskóla í Kópavogi eða ekki er boðið upp á tónlistarnámið í sveitarfélaginu.

2. Menntasvið Kópavogsbæjar fer með umboð Kópavogsbæjar gagnvart öðrum sveitarfélögum vegna greiðslu kennslukostnaðar í tónlistarskólum utan sveitarfélags og sér um afgreiðslu umsókna. Greitt er samkvæmt gjaldskrá tónlistarskólanna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

3. Kópavogsbær áskilur sér rétt til að takmarka fjölda nemenda sem greitt er fyrir í tónlistarskólum utan sveitarfélagsins til samræmis við svigrúm í fjárhagsáætlun.

4. Ef nemandi í tónlistarskóla flytur lögheimili sitt í annað sveitarfélag á skólaárinu þá greiðir Kópavogsbær vegna tónlistarnámsins fram að dagsetningu lögheimilisskipta.

5. Kópavogsbær greiðir ekki kennslukostnað nemenda sem eru í tónlistarnámi á háskólastigi.

2. kafli
Námsástundun og framvinda

1. Umsækjandi þarf að hafa staðist inntökuskilyrði í viðkomandi tónlistarskóla og geta framvísað staðfestingu þess frá skólanum.

2. Námsástundun umsækjanda þarf að vera yfir 80%.

3. Námsárangur þarf að vera fullnægjandi í samræmi við skilgreiningar viðkomandi tónlistarskóla um lágmarkseinkunnir. Nemandi á að skila með umsókn á hverju ári afrit af námsvottorði síðasta skólaárs, ásamt umsögn kennara í viðkomandi aðalnámsgrein. Gerð er sú lágmarkskrafa að nemandi færist á næsta ár í náminu.

4. Ef umbeðin gögn fylgja ekki umsókn áskilur Kópavogsbær sér rétt til þess að hafna umsókninni.

Reglur þessar gilda fyrir skólaárið 2023 – 2024
Samþykktar í menntaráði 20. júní 2023 og taka gildi 1. júlí 2023

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026